

LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

BÆNDAHÖLL · 107 REYKJAVÍK · S: 91-29899 og 19200 · NNR. 5978—8922.



Stofnað 1949

fundur stjórnar L.H. haldinn í Bændahöllinni 21. maí 1991 kl. 14:00.

Mætt voru: Kári Arnórsson, Gunnar B. Gunnarsson, Halldór Gunnarsson, Jón Bergsson, Sigrún Sigurðardóttir, Sigfús Guðmundsson. Ingimar Ingimarsson og Skúli Kristjánsson boðuðu forföll.

Formaður Kári Arnórsson setti fundinn og bauð fundarmenn vel-komna. Þetta gerðist á fundinum.

1. Samþykktir síðasta þings.

Formaður fór yfir nokkur mál, þar sem nefndir hafa þegar tekið til starfa um. Nefndi hann störf nefndar sem vinnur að blóðprófunum hrossa og merkingar. Taldi hann að örtölvumerkingar tækju væntanlega við af frostmerkingum á næstu árum.

Þá ræddi hann störf samstarfsnefndar hestamanna um gróður-verndarmál, en formaður og framkvæmdastjóri L.H. mættu á fund ásamt Skógrækt ríkisins, Búnaðarfélagi Íslands og Félagi hestaleigna.

Um þennan fund víast til fundargerðar 14.5.91. Þá var lögð fram skrifleg yfirlýsing um efplingar gróðurverndar og áskorun til hestamanna í þeim eftum.

Nokkrar umræður urðu um hrossafjölda og gróðurvernd.

Formaður taldi að þessi mál ættu erindi inn á næsta landsþing L.H. og finna þyrfti fyrirlesara.

2. Rædd var skipun nefndar á vegum L.H. sem undirbúa á til-lögur fyrir næsta landsþing L.H. um stórmótahald og skipu-lagsmál L.H. m.a. fjórðungsráð og fleira. Umræður urðu miklar um þessi málefni, einkum stórmótahald.

Niðurstaða umræðna varð sú að skipa vinnuhóp innan stjórnar til að vinna upp úr upplýsingum og gögnum er snerta stórmótahald. Ákveðið var að Kári, Ingimar og Sigfús Guðmundsson skili fyrir næsta stjórnarfund greinargerð um þetta mál sem byggjist m.a. á þeim upplýsingum sem komið hafa inn frá félögum í L.H.

Þessi vinna hópsins er undirbúningur þeirra tillagna sem stjórnin mun leggja fyrir næsta landsþing.

Stjórnin ræddi störf lyfjanefndar og leggur til að Þór Sigþórsson komi inn í nefndina í stað Guðbjargar Kristins-dóttur, sem baðst undan störfum í nefndinni.

Ferða- og umhverfisnefnd.

Guðbrandur Kjartansson biðst undan vinnu í nefndinni.

Í hans stað tilnefnir stjórnin Eyðísi Indriðadóttur úr Herði. Lárus Bragaston úr Geysi verður formaður í stað Guðbrands.

Rædd var samþykkt síðasta þings L.H. á hverjar óskir íslenskir hestamenn hafa helstar um eiginleika íslenska reiðhestsins. Ákveðið var að stjórnin tilnefni 20 einstaklinga til að gera grein fyrir skoðunum sínum m.a. með því að svara spurningalistu, sem skrifstofa L.H. lætur útbúa.

Stjórnin tilnefnir eftirtalda úr stjórn og varastjórn til að semja þessar spurningar.: Guðmund Jónsson, Gunnar B. Gunnarsson, Sigrúnu Sigurðard. Spurningalistinn liggji fyrir til umræðna og afgreiðslu á næsta stjórnarfundi L.H.

3. Formaður skýrði frá fundi sem hann og framkvæmdastjóri L.H. sátu hjá H.Í.S. Stjórn H.Í.S. er reiðubúin að taka þátt í rekstri skrifstofu L.H. að sýnum hluta.
4. Formaður ræddi málefni FEIF og kom fram að Sigurður Ragnarsson sem verið hefur fulltrúi L.H. í stjórn þess, er tilbúinn að sitja þar áfram. Þetta kom stjórn L.H. nokkuð á óvart þar sem Sigurður hafði áður lýst því yfir að hann ætlaði að hætta.
5. Gunnar kom með fyrirspurn um gjaldtöku (2%) af stjórmótagaldi. Vitnað er til þingskjals nr. 3-A frá síðasta landsþingi um ráðstöfun þeirra fjármuna sem inn koma. Nokkur umræða varð um þetta mál og kom fram að þessir fjármunir eiga að meginhluta að renna til uppbryggingar árningarhólfa.

Fleira rætt en ekkert fært til bókar.

Halldór Gunnarsson
Kári Arnórsson
Jón Bergsson
Sigfús Guðmundsson
Gunnar B. Gunnarsson.

Eftir fundinn skoðuðu stjórnarmenn Fákssvæðið sem hugsanlegt móttssvæði fyrir Landsmót, og síðan var haldið kveðjuhóf fyrir Hjalta Pálsson á Hótel Sögu.